

Fyrsta mót keppnistímabilsins í innigreininum fór fram í aðstöðu Skotdeildar Keflavíkur í dag.

Í keppni með loftrifli sigráði Guðmundur Helgi Christensen úr Skotfélagi Reykjavíkur með 587,3 stig, annar varð Þórir Kristinsson úr Skotfélagi Reykjavíkur með 558,2 stig og í þriðja sæti Leifur Bremnes úr Skotíþróttafélagi Ísafjarðar með 516,7 stig.

Í flokki stúlkna í keppni með loftskammbyssu sigráði Sóley Þórðardóttir úr Skotfélagi Akureyrar með 516 stig sem er nýtt Íslandsmet stúlkna. Í öðru sæti varð Sigríður Láretta Þorgilsdóttir einnig úr SA með 501 stig. Saman skipuðu þær sveit Skotfélags Akureyrar ásamt Þorbjörgu Ólafsdóttur, sem sigráði í kvennaflokki með 510 stig. Þar varð önnur Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir úr Skotgrund Skotfélagi Snæfellsness með 459 stig. Árangur sveitarinnar er einnig nýtt Íslandsmet í kvennaflokki, 1527 stig.

Í karlaflokki sigráði Ívar Ragnarsson úr Skotíþróttafélagi Kópavogs með 552 stig, annar varð Peter Martisovic úr Skotíþróttafélagi Kópavogs og í þriðja sæti Þórður Ívarsson úr Skotfélagi Akureyrar með 543 stig.